

**Stjórnarfundur 3. janúar 2014.**

Mættir: Guðmundur Karl Einarsson, Guðrún Karls Helgudóttir, Þóra Björg Sigurðardóttir. Rakel Brynjólfsdóttir fulltrúi ÆSKP í undirbúningsnefnd Easter Course og Eva Björk Valdimarsdóttir framkvæmdastjóri sátu einnig fundinn.

**Fyrsta mál, Stefna ÆSKP í tengslum við European Fellowship.**

ÆSKP hefur verið *member in touch* í nokkur ár og nú hefur European Fellowship að óska eftir fjárframlagi. Það stendur til að breyta skipulagi meðlima og verður sú breyting rædd á fundi EF núna 4.-5. janúar. Aðeins verður gefin kostur á því að vera *member in touch* í þrjú ár og félög verða að hafa það markmið að gerast *full member*. Einnig verður hægt að gerast *associate member* sem hefur alla sömu kosti *full member* fyrir utan það að aðeins *full members* geta sótt um formennsku. Árgjald *associate members* er 300€ en árgjald *full members* er 300€ auk 0,06€ á hvern meðlim.

Rakel er mætt á fundinn þar sem hún er fulltrúi okkar í undirbúningsnefnd Easter Course. Rakel telur EC nýtast okkur vel og gæti jafnvel nýst betur ef við höfum staðlað form á því hvernig þeir fulltrúar sem fara á okkar vegum á fundi og annað skila til baka því sem þeir læra.

Fundurinn sammála um það að við þurfum þá að setja meiri kraft í alþjóðastarf til þess að það nýtist sem skildi, það er mikill kostur fyrir okkur að taka þátt í alþjóðastarfi. Lagt er til að gerast frekar *associate member* og borga fyrir það en að greiða fjárframlag sem breytir ekki stöðu okkar. *Associate member* hefur marga kosti sem við getum nýtt eins og fjárhagsleg aðstoð fyrir þá sem taka þátt í viðburðum á vegum EF. Ef við áveðum þetta, verðum við að setja betri ramma um það hvernig við nýtum þetta, hverju og hvernig er skilað til baka. Mikil fjölbreytni innan þessara samtaka og því höfum við mikið að græða á þessu samstarfi. Við verðum miðlunaraðilar við aðildarfélögin um námskeið og annað sem er á vegum EF. Eva tekur að sér að setja upp ramma, fær plagg sem KFUM og K notar frá Þóru.

Fundurinn samþykkti að sækja um aðild að European Fellowship sem Associate member, 300€ eru um 47.000 kr í dag. Einnig var samþykkt að setja 200.000 krónur í alþjóðsamstarf.

**Annað mál: Flugfar Rakelar á undirbúningfund vegna Easter Course**

Rakel er í undirbúningsnefnd fyrir Easter Course 2014. Fundur á vegum nefndarinnar verður í London 17. Janúar næstkomandi og hefur Rakel óskað eftir því að ÆSKP borgi fyrir hana fargjaldið. EF borgar upphald og annað þannig að þetta verður eini kostnaður okkar við að senda hana sem okkar fulltrúa í þessa vinnu. Fundurinn samþykkir að borga fargjaldið sem er 50.000 kr.

Svo er spurning hvort greiða eigi flugfar fyrir Rakel á EC, þátttaka í sjálfu námskeiðinu. Spurning hvort við eigum frekar að senda fleiri fulltrúa á EC, flug hagstætt til London. Nú þurfa þátttakendur að vera orðnir 18 ára, það gæti orði 10 þátttakendur frá Íslandi.

Ákveðið að niðurgreiða frekar kostnað fyrir allt að 10 þátttakenda. Einhverjir af þeim sem fóru í fyrra hafa áhuga aftur, kirkjurnar eru ef til vill tilbúnar að styrkja eða senda fólk. Rakel segir námskeiðsgjaldið sjálft ekki vera stóra upphæð.

### **Tímasetning Aðalfundar.**

Nokkrar tímasetningar ræddar og þótti Föstudagurinn 21. febrúar hentugur, klukkan 18:00 stefnum að því. Reynum að halda hann í Neskirkju Eva tékkar á því. Það þarf að auglýsa hann með 3ja vikna fyrirvara í fjölmiðlum, í fyrra var auglýst á kirkjan.is. Svo er spurning hvort skilja megi lögin þannig að það megi senda gögn fyrir fundinn rafrænt eða hvort þörf sé á því að senda þau bréfleiðis.

### **Sænsk stúlka sem vill verða sjálfbóðaliði á Íslandi**

Við getum ekki meira en vera milliliðir. Eva ætlar að athuga hvort Gleráarkirkja og Háteigskirkja séu ennþá að taka á móti erlendum sjálfbóðaliðum. Annars auglýsum við á prestavefnum eða sendum póst á kirkjur.

### **Fjármál**

Samkvæmt fundargerð kirkjuráðs fáum við 5,5 millj. í rekstur (fengum 5 millj. í fyrra) og eina milljón í landsmót sem er nauðsynlegt ef halda á landsmót á Ísafirði.

### **Landsmót**

Næsta landsmótt rætt, hvernig á að auglýsa í landsmótsnefnd og hvort eigi að skipta ennþá meira niður verkefnum, einnig hvenær best sé að halda hetjukvölmat. Þetta verður rætt betur á næsta stjórnarfundum og þegar landsmótsnefnd kemur saman og skilar af sér.

Áslaug bókarinn okkar óskar eftir styrk til prentarakaupa. Rætt og ákveðið að styrkja hana um 10.000 kr

Næsti stjórnarfundur 24. Kl 14:00.